

ÞJÓÐARPÚLS GALLUP

Október 2025

Olíuleit

Umræða um olíuleit og mögulega olíuvinnslu í íslenskri lögsögu hefur verið áberandi undanfarið og leyfi til hennar rædd á Alþingi í síðasta mánuði.

Af þeim sem taka afstöðu er ríflega helmingur landsmanna jákvæður gagnvart olíuleit í íslenskri lögsögu, eða rúmlega 55%, á meðan rösklega fjórðungur er neikvæður, eða tæp 27%. Um 18% segjast hvorki hafa jákvætt né neikvætt viðhorf til hennar.


Hversu jákvætt eða neikvætt er viðhorf þitt til olíuleitar í íslenskri lögsögu?



Viðhorf karla til olíuleitar í íslenskri lögsögu er jákvæðara en kvenna. Viðhorf fólks milli fimmtugs og sextugs er jákvæðast en viðhorf fólks undir þrítugu og yfir sjötugu neikvæðast. Fólk með háskólapróf er neikvæðara gagnvart olíuleit en fólk sem hefur ekki lokið háskólaprófi. Fólk með hærri fjölskyldutekjur er almennt jákvæðara gagnvart olíuleit en fólk með lægri tekjur.

Þau sem kysu Miðflokkinn ef kosið yrði til Alþingis í dag eru jákvæðari til olíuleitar í íslenskri lögsögu en þau sem kysu aðra flokka, svo þau sem kysu Sjálfstæðisflokkinn og þá þau sem kysu Flokk fólksins. Af þeim sem nefna stærstu flokkana eru þau sem kysu Samfylkinguna helst neikvæð gagnvart olíuleit.


Greiningar



* Marktækur munur á milli hópa

Í Neyslu- og lífsstílskönnun Gallup hefur um árabíl verið mælt viðhorf fólks til þeirrar fullyrðingar að vegna náttúruverndar-sjónarmiða ætti alls ekki að leita að olíu á íslenska landgrunninu. Í nýlegri mælingu kemur fram að hlutfall þeirra sem eru sammála fullyrðingunni hefur ekki mælst lægra síðan mælingar hófust fyrir rúmum áratug. Umræða um mögulegan fjár-hagslegan ávinning af olíuleit við Ísland hefur verið nokkuð áberandi á árinu en einnig hafa komið fram almennar vísbend-ingar um minni áherslu landsmanna á umhverfismál í mælingum Gallup á nýliðnum árum.

Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingu:
Vegna náttúruverndarsjónarmiða ætti alls ekki að leita að olíu á íslenska landgrunninu



Spurt var:

- Hversu jákvætt eða neikvætt er viðhorf þitt til olíuleitar í íslenskri lögsögu?

Niðurstöður sem hér birtast eru úr netkönnun Gallup sem gerð var dagana 18. september til 2. október 2025. Heildarúrtaksstærð var 1.748 og þátttöku-hlutfall var 46,1%. Einstaklingar í úrtaki voru handahófsvaldir úr Viðhorfahópi Gallup.

Notkun á efni Þjóðarpúls Gallup og tilvitnun í það er heimil svo lengi sem heimilda er getið.

Útgefið af: Gallup - Suðurlandsbraut 6, 108 Reykjavík. Sími: 540 1200. Netfang: sigrun.drifa@gallup.is.

Umsjón með útgáfu: Sigrún Drífa Jónsdóttir.

Ábyrgðarmaður: Guðni Rafn Gunnarsson © Íslenskar markaðsrannsóknir 1993. © Gallup á Íslandi 2015. Allur réttur áskilinn.